

Fundargerð 384. fundar

stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2016, föstudaginn 29. apríl kl. 10:30 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar í Hlaðbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Gísli Gíslason, Guðný Sverrisdóttir, Már Sveinbjörnsson, Steinþór Pétursson, Guðmundur M Kristjánsson, Ólafur Þór Snorrason og Ásta Björg Pálmadóttir.

Að auki sat fundinn: Valur Rafn Halldórsson fundarritari.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Hafnasamband Íslands - stjórnarfundir 2016 - 1601002HA

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 383. fundar frá 1. apríl sl.

Fundargerðin samþykkt og staðfest með undirskrift stjórnarmanna.

2. Ritstjórn um gerð viðbragðsáætlunar fyrir skip og hafnir - óskað tilnefningar - 1604002HA

Lagður fram tölvupóstur frá Þórólfi Guðnasyni sóttvarnarlækni, dags. 11.apríl, þar sem óskað er eftir að hafnasambandið tilnefni fulltrúa í ritstjórn um gerð viðbragðsáætlunar fyrir skip og hafnir.

Stjórn hafnasambandsins samþykkir að tilnefna Hall Árnason hjá Faxaflóahöfnum í ritstjórnina.

3. Framkvæmdir við hafnir - tilkynningarskylda - 1604001HA

Lagt fram bréf frá Samgöngustofu, dags. 5. apríl 2016, þar sem stofnunin minnir á að höfnum beri skylda til að tilkynna Samgöngustofu um fyrirhugaðar hafnarframkvæmdir og leggja fyrir stofnunina gögn um gerð mannvirkjana til samþykktar áður en framkvæmdir eru hafnar.

Til kynningar. Starfsmanni falið að senda bréfið út á aðildarhafnir.

4. Stefnumótunarnefnd hafnasambandsins 2014-2016 - 1604003HA

Lögð fram fundargerð stefnumótunarnefndar frá 22. apríl sl.

Til kynningar.

5. Gjaldtaka hafna vegna notkunar mengunarvarnabúnaðar - 1603003HA

Már gerði grein fyrir fundi sem hann átti með Umhverfisstofnun um gjaldtöku hafna vegna notkunar mengunarvarnabúnaðar. Einnig sagði hann frá fundi sem hann og Hallur Árnason áttu með Umhverfisstofnun um undirbúning endurmats og endurskipulagningar búnaðar til viðbragða við bráðamengun.

Til kynningar.

Gísli fór af fundi kl. 11:10 og Guðmundur kom á fundinn kl. 11:10.

6. Hafnasambandsþing 2016 - 1509037HA

Starfsmaður gerir grein fyrir stöðu mála varðandi undirbúning hafnasambandsþings.

Starfsmanni falið að senda boð út á aðildarhafnir.

7. Vorfundur 2016 - 1509036HA

Lögð fram dagskrá fyrir vorfund stjórnar.

Til kynningar.

Fundi var slitið kl. 11:30

Gísli Gíslason

Guðný Sverrisdóttir

Már Sveinbjörnsson

Steinþór Pétursson

Guðmundur M Kristjánsson

Ólafur Þór Snorrason

Ásta Björg Pálmadóttir

Valur Rafn Halldórsson